



Framkvæmdastjórnarfundur Landsambands æskulýðsfélaga

Haldin á BSÍ, miðvikudaginn 4.febrúar 2009

Mættir: Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Sindri Snær Einarsson (SSE), Raket Brynjólfssdóttir (RB) og Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) auk Hildar Tryggvadóttur Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóra.

Fundur settur: kl. 12:01

Dagskrá fundar:

1. Nýr stjórnarmaður kynntur til leiks

RB nýr fulltrúi í stjórn sagði stuttlega frá sjálfri sér. RB er nýr fulltrúi KSH en Davíð Örn Sveinbjörnsson fyrrum fulltrúi KSH hætti störfum vegna flutninga erlendis um áramótin.

2. S.l. fundur LÆF lagður fyrir stjórn og samþykktir hans bornar upp til atkvæða og fundargerð samþykkt.

HTF fór yfir samþykktir síðasta fundar og voru þær samþykktar með fyrirvara um að stjórnarmenn fengju senda fjárhagsáætlun og nýjan ráðningasamning framkvæmdastjóra eftir fundinn.

3. Þing unga fólksins

Fundur verður haldin seinna í dag með fulltrúum ungliðahreyfinganna. Fram hefur komið takmarkaður áhugi innan hreyfinganna á að halda þingið en mikill áhugi er hjá Alþingi. JPS lagði fram þá hugmynd að ef ekki væri áhugi á að hald þUF í ár gæti LÆF staðið fyrir einhverskonar verkefni með Alþingi þar sem störf þess eru kynnt. Vel var tekið í þessa hugmynd.

4. Þáttaka í WAY

HTF sagði frá því að LÆF hafi borist rukkun fyrir árgjaldi í World Assosiation of Youth. Ákveðið var að LÆF myndi segja sig formlega úr WAY. Rökin fyrir því voru talin vera smæð félagsins auk þess sem starfsemi WAY er fyrst og fremst í Asíu og ekki endilega um málefni sem eru til umfjöllunar hjá LÆF.

5. Umsóknir í Æskulýðssjóð

HTF sagði frá því að fyrir hönd LÆF hafi hún lagt inn tvær umsóknir í æskulýðssjóð. Önnur fyrir námskeiði í sálrænum stuðning og hin fyrir námskeiðið um lög félagasamtaka og lagalega stöðu þeirra.

6. YFJ.

Tvö mál höfðu borist frá YFJ. Annars vegar beiðni frá framkvæmdastjóra YFJ um að LÆF komi að Youth Event sem YFJ mun halda í Reykjavík í lok maí í samstarfi við Evrópuráðið. Samþykkt að verða við beiðninni.

Hins vegar var rætt um útfærslu á því að tilnefna í vinnuhópa á vegum YFJ. Ákveðið að auglýsa eftir einstaklingum á póstlista og hafa augu og eyru opin fyrir hugsanlegum kantíðötum. Áréttað að krafist er all mikillar þekkingar fyrir setu í vinnuhópunum.

7. Alþjóðamál

HTF sagði frá erindi sem okkur barst frá formennsku Tékka í Evrópusambandinu um Youth Event í Prag um hreyfanleika ungra sjálfboðaliða. Ákveðið að HTF verði í samband við Menntamálaráðuneyti um þátttöku á þessum viðburði þar sem þeir ákveða að lokum hver fer fyrir hönd Íslands.

HTF sagði frá námskeiði sem hún hefur hug á að sækja um á vegum landsskrifstofu Evrópu unga fólksins í Svíþjóð. Námskeiðið fjallar um þátttöku ungs fólks á heimavelli (e. local level).

8. Samvinnuverkefni LÆF og UNICEF

HTF sagði frá stöðu verkefnins. LÆF hefur sótt um fyrir verkefninu til Evrópu unga fólksins.

9. Bókasafn LÆF

HTF lagði fram tillögu um að koma á litlu bókasafni á skrifstofu LÆF. Til yrðu tvö eintök af hverri bók, önnur til útláns og hin til lestrar á staðnum. Auk þess lagði hún fram beiðni um að fá að kaupa þrjár bækur að upphæð 10.000kr í safnið. Tillaga og beiðni samþykkt.

11. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu

Enginn.

12. Önnur mál

- a) HTF sagði frá því að sótt hefði verið um yfirdrátt að upphæð 280.000kr þar sem styrkurinn af fjárlögum hefur ekki verið greiddur út enn.
- b) SSE sagði frá því að hann hefði fengið setu í Æskulýðsráðið og hefði þegar verið boðaður á fyrsta fund ráðsins.
- c) PBM spurði um stöðu námskeiðs í mannréttindafræðslu. HTF svaraði því að hún hefði fundað með framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu og hún hefði tekið vel í samstarf og ætlaði á næstu dögum að setja upp drög að dagskrá.
- d) HTF sagði frá málþingi sem hún sótti um lög gegn mismun á Íslandi. Þar kom fram að enginn heildarlöggjöf er til gegn mismunun á Íslandi og tilskipanir Evrópusambandsins þess efnis ekki innleiddar. Vinnuhópur á vegum Félagsmálaráðuneytisins hefur skilað af sér niðurstöðum um hvernig skal innleiða þessar tilskipanir í íslenska rétt. HTF lagði áherslu á að við þyrftum að fylgjast með þessari vinnu þar sem fjallað er um mismunun vegna aldurs í tilskipunum.
- e) PBM sagði frá laugardagsfundi Unifem sem verðu á laugardaginn um stöðu kvenna í Palestínu. Hún hvatti stjórnarmenn til að fylgjast með þessum laugardagsfundum.
- f) JÞS viðraði hugmynd um að LÆF skoðaði það að berjast fyrir lækkun kosningaaldurs í ljósi þess að nú mun umfjöllun um kosningalög fara fram á væntanlegu stjórnlagabingi. Misjafnar hugmyndir stjórnarmanna komu fram í þessu máli.

- g) PBM spurði hvort ekki þyrfti að ákveða dagsetningu á Sambandsþingi. Ákveðið að gera það á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 12:51

Fundargerð ritaði: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz